
F U N D A R G E R ð

Fundur: Eldsneytishópur 2012-03
Fundartími: Miðvikudagur 18. apríl 2012 kl. 10:00
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) Gögn um eldsneytisnotkun.
- 2) Drög 3 að endurskoðaðri eldsneytisspá.
- 3) Aðgerðaáætlun NREAP.
- 4) Önnur mál.

Fundinn sátu:

Eldsneytishópur: Ágústa S. Loftsdóttir, Orkustofnun
Birna Hallsdóttir, Umhverfisstofnun
Efla: Jón Vilhjálmsson

1) Rætt var um eldsneytistöður og leiðréttingu sem á eftir að gera vegna íblöndunar gasolíu út í svartolíu. ÁSL sagðist þurfa að skoða betur þessi blöndunarhlutföll áður en að hún færi út í þá aðgerð. BH spurði hvort Flotaolía og Skipagasolía væri flutt inn eða væri slík íblöndun. Fá þarf upplýsingar um þetta frá Magnúsi. Rætt var um hvort fá ætti gögn um Svartolíu sundurliðuð eftir IFO flokkun en ekki tekin ákvörðun um það.

Rætt var um notkun tækja og hve mikið af henni væri í landbúnaði. JV var falið að meta það.

ÁSL sýndi nýtt form fyrir olúfélögin fyrir skráningar á gögnum þar sem hún hefur sett inn jöfnunar til að tryggja að samræmi sé í gögnunum. Einnig þarf að fá gögn frá ýmsum öðrum aðilum en olúfélögunum svo sem varðandi framleiðslu á lífeldsneyti.

2) Farið var yfir drög 3 að skýrslu um eldsneytisspá en JV hafði sett inn ný gögn í líkan og uppfært myndir og texta í skýrslu. Búið er að taka tillit til athugasemda sem komið hafa en frekari breyting verður síðan að gera þegar búið er að lagfæra gögn sbr. hér að framan. BH sagði að Sementsverksmiðjan yrði ekki í rekstri árin 2012 og 2013. Umræða varð um það hvort gera ætti ráð fyrir að verksmiðjan kæmi ekki aftur í rekstur. ÁSL ræddi um brot sem kæmi fram í spá við upphaf spátímabilsins svo sem varðandi tæki og vildi jafna það eitthvað. Stefnt er að því að klára endurreikninginn í næstu viku. Senda skal JV athugasemdir við spána fyrir hádegi á föstudag.

- 3) JV fór yfir lista um opinberar aðgerðir til að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda sem við þurfum að meta áhrifin af til að gera spá fyrir NREAP. JV sagði að 2020 væru skv. aðalspánni 3% af samgöngum á landi farið af jarðefnaeldsneyti. Nokkur umræða varð um grunnsþána og hvort okkar spá væri slík spá og töldu fundarmenn svo vera. JV ætlar að senda fundarmönnum tilskipun og annað varðandi þetta mál.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn. Fundi slitið kl. 12:30.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Dreift var fyrir fundinn:

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um eldsneytisnotkun.
- Drög 3 að skýrslu um endurreikning eldsneytisspár.
- Opinberar aðgerðir til minnkunar útblásturs gróðurhúsalofttegunda.
- Nýtt form til skráningar á eldsneytisgögnum.

Verkefni frá þessum fundi:

Umsjón	Verkefni
Ágústa	Lagfæra gögn út frá íblöndun flotaolíu og gasolíu
Magnús	Hvernig er háttáð innflutningi á Skipagasolíu og Flotaolíu
Allir	Á að sundurgreina Svartolíu eftir IFO flokkun.
Allir	Sementsverksmiðjan, á að gera ráð fyrir að hún komi aftur í rekstur.
Jón	Lagfæra brot í notkun tækja
Jón	Lagfæra forsendur spár og uppfæra skýrslu til samræmis